

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 237/2014 um tækniröfur og stjórnsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara

1. gr.

Gildissvið.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi gildir um starfrækslu flutningaflugs með flugvélum og þyrlum, þ.m.t. skoðanir á hlaði á loftförum flugrekenda sem eru undir öryggiseftirliti annars ríkis þegar þau lenda á flugvelli á Íslandi, og starfrækslu flugvéla, þyrlna, loftbelgja og sviffluga sem eru ekki rekin í ábataskyni.

Í reglugerðinni er mælt fyrir um skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini flugrekenda, sem stunda flutningaflug, sem nota loftför sem talin eru upp í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

Reglugerð þessi á ekki við um flugrekstur sem fellur undir gildissvið a-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

2. gr.

Innleiðing.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist við 2. töluliður, svohljóðandi:

2. Reglugerð (ESB) nr. 800/2013 frá 14. ágúst 2013 um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tækniröfur og stjórnsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26 frá 14. febrúar 2014, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 10. apríls 2014, bls. 696.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast gildi 25. ágúst 2016.